

Úrskurðar- og aganefnd LH – skýrsla um starfsemi 2025.

Í Úrskurðar- og aganefnd eiga sæti þau Halldór Þ. Birgisson hrl.- formaður, Helga Björk Valberg Helgadóttir, Pétur Ingi Grétarsson og varamenn eru Arnar Heimir Lárusson og Magnús Skúlason. Aðalmenn nefndarinnar komu öll ný inn í nefndina á þessu ári.

Til afgreiðslu nefndarinnar komu sex erindi. Halldór Þ. Birgisson vék sæti í einu máli og Pétur Ingi Grétarsson vék sæti í einu máli. Magnús Skúlason stóð að afgreiðslu tveggja mála sem varamaður.

11.04.2025 – Álit - fyrirspurn X um hvort hann geti gengt störfum sem dómari að nýju fyrir LH og óskað hefur verið eftir áliti Úrskurðar og aganefndar LH vegna þeirra fyrirspurnar.

08.05.2025 – Álit - kvörtun/kæra framkvæmdanefndar/yfirdómnefndar Meistaradeildar Líflands og æskunnar dagsett 06.04.2025 vegna framkomu X í garð dómenda á móti í Fák þann 05.04.2025 þar sem dómari hafði dæmt hest sonar X uppi í gæðingaskeiði.

06.06.2025 - Ákvörðun - Erindi frá dómaranefnd LH vegna framkomu/háttsemi X á gæðingamóti Sörla í Hafnarfirði laugardaginn 31.05.2025 en erindið barst Úrskurðar- og aganefnd LH um hádegi miðvikudaginn 04.06.2025.

01.07.2025 – Ákvörðun - kæra X vegna ólögmætrar skráningar á Fjórðungsmót Vesturlands 2025 á vegum Hestamannafélagsins Dreyra en skráningin varðar hrossið X í eigu X.

09.07.2025 – Ákvörðun - Kæra/kvörtun vegna keppnisbanns X tekin af yfirdómara/yfirdómaranefnd á Fjórðungsmóti Vesturlands sem haldið var 02.07 til 06.07.2025 í Borgarnesi.

16.10.2025 – Álit - Erindi LH frá stjórn LH til Úrskurðar- og aganefndar sem varðar skráningu ungmennis á fjórðungsmót á vegum hestamannafélagsins Skagfirðings.

Jafnframt liggur fyrir það álit nefndarinnar að núgildandi regluverk og umgjörð um starfsemi nefndarinnar sé ófullkomið og þarfnist endurskoðunar og að LH þurfi að meta hvort eðlilegt sé að víkka út vald nefndarinnar til ákvarðana umfram það sem nú er en eins og fyrir liggur taldi nefndin sig ekki hafa vald til að taka ákvörðun vegna tiltekinna erinda sem voru send nefndinni.

Reykjavík, 21.10.2025

Halldór Þ. Birgisson hrl. (sign)

Helga Björk Helgadóttir Valberg (sign)

Pétur Ingi Grétarsson (sign)